

Stjórnarfundur nr. 5

16. september 2008 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Margrét mætti kl.18:30. Gunnlaugur Valtýsson er kominn til landsins en komst ekki vegna bílleysis.

1. Dobermann Ísland.

Pann 11. ágúst sl. óskuðu Unnar Már og Karen Gísladóttir eftir fundi með stjórn HRFÍ til að gera aðra tilraun til að ræða málefni er snúa að dobermann hundakyninu og Dobermann Ísland. Á fundinn mættur formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og 2 úr vinnunefnd.

2. Bréf frá stýrihópi skapgerðarmats

Brynja Tomer og Steinar Lúðvíksson mættu fyrir hönd stýrihópsins.

3. Bréf frá Siðanefnd HRFÍ

4. Val á afreks- og þjónustuhundi ársins

Neðangreindar tilnefningar hafa borist:

Afrekshundur: ISCH Perluskins Cairo Paolo, f.26.04.2003 fyrir þjónustu sína við MS hrjáðan eiganda sinn Berglind Magnúsdóttur

Þjónusturhundur: Bylgja Hrönn Baldursdóttir með Scheffer hundinn Neró Hún er lögreglukona og var með hundinn í því starfi. En vegna breyttra áherslu hjá lögreglu er hundurinn nýhættur starfi. Hann er þjálfaður sem fíkniefnahundur og einnig sem sporahundur. Gengt sínu starfi með sóma og árangri.

Samþykkt

5. Þýðing á sænsku sporareglunum

Albert Steingrímsson hefur skilað reglunum tilbaka en breytti engu. Ákveðið að stjórn lesi reglurnar yfir og birta þær á vefsíðu HRFÍ 13.-14.október.

6. NKU fundur 10. september í Stokkhólmi

Guðríður Valgeirsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir sóttu fundinn og fylgdu eftir erindi HRFÍ.

Samþykkt að setja inn í starfsreglur ræktunardeilda að ef félagsmaður í trúnaðarstörfum er kærður til siðanefnar ber honum að víkja úr öllum störfum fyrir félagið á meðan mál hans er til meðferðar hjá siðanefnd.

Fyrir breytingu:

Í Starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ segir í III. gr. lið 4:

“Þeir sem sitja í stjórn ræktunardeilda og nefnda ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna.,,

Eftir breytingu gildir eftirfarandi :

Í Starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ segir í III. gr. lið 4:

“Þeir sem sitja í stjórn ræktunardeilda og nefnda ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna. Ef félagsmaður í trúnaðarstörfum er kærður til siðanefnar ber honum að víkja úr öllum störfum fyrir félagið á meðan mál hans er til meðferðar hjá siðanefnd.,,

Sent á alla deildarformenn og aðila í síðanefnd ásamt því að breyta í öllum textum og í möppum.

7. Fyrirlesari í haust varðandi mjaðma og olnbogamyndir – Sofia Malm frá Svíþjóð
Fyrirlesturinn verður 25. október í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal.
VÍS styrkir HRFÍ um kr.50.000. Búið að setja auglýsingu á vefsíðu félagsins.

8. Erindi frá P.MF. deild – augnskoðun fyrir St. Bernhards. A-2137
Samþykkt að vísa erindinu til vísindanefndar.

9. Erindi frá P.MF. deild – heilbrigðiskröfur A-2138
Samþykkt að leiðrétta textann og hafa eftirfarandi: *Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Breyta textanum á vefsíðunni, í möppum og láta stjórnina vita. Kynna vel í deildunum. Tekur gildi 1. janúar 2009.*

10. Bréf frá Pétri Allan Guðmundssyni veiðihundadómara þann 2. sept. sl.
Samþykkt að vísa málinu til sýningastjórnar.

11. Bréf frá SKK – HUND 2008- med thema Norden! A-2139
Á sýningunni HUND 2008 þann 6.-7 desember n.k. er HRFÍ boðið að vera með kynningarbás án nokkurs kostnaðar. Básinn verður 4 x 2 m ásamt borði og tveimur stólum. Þeim sem standa í kynningabásnum er boðið í hádegismat báða dagana að hámarki þó þrjár manneskjur. Útbúa myndband(hámark 3 mínútur) sem er stutt kynning á félaginu og landi okkar. Þetta myndband yrði sýnt fyrir úrslit báða dagana. Óskað er eftir aðstoð við að velja typískt lag. Hver klúbbur afhendir síðan heiðursverðlaun í BIS, týpísk fyrir viðkomandi land. Þurfum að láta vita um þátttöku fyrir 11. okt.
Samþykkt að senda fulltrúa frá HRFÍ.

12. Sýningaritaranámskeið
Sýningaritaranámskeiðið var haldið laugardaginn 13. september kl.15:00-19:00 og mánudaginn 15. september kl. 19:30-21:30. Námskeiðið fór fram á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15, 2. hæð. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Stefanía Sigurðardóttir, Þorsteinn Thorsteinson og Monika Karlsdóttir. Þátttakendur voru 22.

13. Alþjóðleg hundasýning í reiðhöllinni Víðidal 27.-28. september 2008
Þessi sýning er haldin viku fyrr en vanalega vegna Evrópusýningarinnar í Búdapest í Ungverjalandi helgina 4.-5. október.Skráningarfræstur rann út 29. ágúst. Dómarar: Agnes Kertes Ganami frá Ísrael, Juan Luis frá Mexíkó, Jose Luis Payro frá Mexíkó, Annaliisa Heikinen frá Finnlandi, Fredrik Norgren frá Svíþjóð, Madalene Thorman frá Svíþjóð dæmir unga sýnendur. Skráðir eru 750 hundar á sýninguna auk 39 ungra sýnenda.

14. Fundað með vinnuhundadeild A-2140

15. Bréf frá schnauzerdeild – umsókn um sporleitar- og vinnupróf. A-2141
Málinu vísað til vinnuhundadeildar til vinnslu.

16. Önnur mál

- **Tilboð vegna viðhalds Sólheimakots. A-2142**

- **Guðrúnu Guðjohnsen tók vel í að vera með fyrirlestur um að „Ætlar þú að fá þér hund?“**

17. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 1. október kl. 17:00

**Fundi slitið,
Valgerður Júlíusdóttir**